Hagfræðideild Landsbankans
14. mars 2018

Launaþróun stöðug en hægt hefur á hækkunum

Kjarasamningar gilda áfram

Fundur formanna aðildarfélaga ASÍ ákvað þann 28. febrúar að kjarasamningum yrði ekki sagt upp. Núgildandi samningar á almenna markaðnum munu því gilda út árið 2018. Miklar sviptingar hafa orðið á vettvangi ASÍ á síðustu vikum og hefur öll umræða færst yfir í boðun meiri hörku í samskiptum aðila vinnumarkaðar í næstu kjarasamningum. Sérstaklega hefur verið rætt um hækkun lægstu launa í því sambandi.

Launahækkanir áfram stöðugar

Launavísitalan hafði í janúar hækkað um 7,3% frá janúar 2017. Hækkunartaktur launa á ársgrundvelli hefur verið nokkuð stöðugur í kringum 7% síðustu mánuði. Verulega hefur hægt á aukningu kaupmáttar launa og hefur kaupmáttur verið nokkuð stöðugur síðustu mánuði. Kaupmáttur launa í desember var engu að síður tæpum 5% meiri en var í janúar 2017.

Upplýsingar um nákvæmara niðurbrot á launavísitölunni koma jafnan seinna en vísitalan sjálf. Nýjustu tölurnar um einstaka þætti vísitölunnar eru frá nóvember 2017.

Launahækkanir starfsstétta

Breyting launa eftir starfsstéttum á einu ári fram til nóvember 2017 var mest hjá þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki og iðnaðarmönnum. Segja má að það endurspegli stöðu þessara hópa í efnahagslífinu um þessar mundir en þeir starfa almennt í þeim greinum sem hafa dregið vagninn í hagvexti síðustu missera. Laun stjórnenda og sérfræðinga hafa hækkað minnst á þessum 12 mánuðum.

Eins og áður segir hefur umræða á vinnumarkaðnum verið að færast í þá átt að þörf sé á verulegum leiðréttingum launa þeim lægst launuðu til handa. Nýjustu tölurnar um hækkun starfsstétta sýna þannig að hækkun launa verkafólks hefur verið í lægri kantinum.

12 mánaða hækkunartaktur launa



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launaþróun og kaupmáttur

Vísitala, janúar 2012 = 100



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launahækkun starfsstétta nóvember 2016 - nóvember 2017



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Starfsstéttir yfir lengra tímabil

Sé þróun launa einstakra starfsstétta skoðuð yfir núverandi samningstímabil, sem er sama tímabil og var haft til viðmiðunar í SALEK samkomulaginu, má sjá að laun verkafólks annars vegar og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks hins vegar hafa hækkað mest, eða um rúm 30%. Munurinn gagnvart næstu hópum er þó ekki mikill. Launaramminn samkvæmt SALEK samkomulaginu var 32% frá árslokum 2014 fram til ársloka 2018. Flestir þessara hópa munu fá 3% hækkun launa þann 1. maí nk. þannig að SALEK viðmiðunin heldur nokkuð vel. Athygli vekur að laun stjórnenda og sérfræðinga hafa hækkað mun minna en annarra hópa á þessu tímabili og á það sérstaklega við um laun stjórnenda.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Laun stóru hópanna

Sagan sýnir að launaþróun á opinbera og almenna markaðnum er mjög svipuð til lengri tíma. Til styttri tíma er alltaf um einhverjar sveiflur að ræða en þær jafnast alltaf út, m.a. vegna hins margumtalaða höfrungahlaups.

Sé litið á launabreytingar stóru hópanna á einu ári, frá nóvember 2016 til nóvember 2017, má sjá að launahækkanir hjá sveitarfélögum hafa verið mestar og aðeins hærri en á almenna markaðnum. Launahækkanir hjá ríkinu hafa verið minnstar. Staða kjarasamninga einstakra hópa skýrir yfirleitt þessa stöðu, t.d. hafði endurnýjun kjarasamninga félaga innan BHM dregist mikið, sem aftur hefur mikil áhrif á launaþróun hjá ríkinu.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Laun innan atvinnugreina

Sé litið til atvinnugreina hafa laun hækkað langmest í bygginga- og mannvirkjagerð frá nóvember 2017 til nóvember 2017. Það þarf ekki að koma á óvart þar sem stöðug umframeftirspurn hefur verið eftir vinnuafli í þessum greinum í langan tíma.

Laun í upplýsinga- og fjarskiptastarfsemi hafa hækkað næstmest á þessu tímabili á meðan laun í veitustarfsemi hafa hækkað áberandi minnst. Launavísitalan hækkaði um 7,3% á þessum tíma þannig að laun í byggingariðnaði hafa hækkað verulega umfram meðaltalið en laun í veitustarfsemi marktækt minna.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Hlutur launa af þjóðarkökunni hækkar áfram

Í skilningi þjóðhagsreikninga er oft litið á framleiðslu sem samtölu þess sem launafólk ber úr býtum annars vegar og fjármagn og einyrkjar hins vegar. Hér er oft talað um launahlutfall eða hlut launa af þjóðarkökunni.

Launahlutfallið er eðlilega mjög háð hagsveiflunni og sveiflast því töluvert. Á árinu 2006 fór launahlutfallið upp í tæp 69%, lækkaði svo niður í 52% á árinu 2009 en hefur farið stöðugt hækkandi síðan. Talið er að hlutfallið hafi verið 61% á árinu 2016 og það hækkaði síðan upp í tæp 65% í fyrra, sem er óvenjulega mikil hækkun. Talan fyrir 2017 er bráðabirgðatala.



Heimild: Hagstofa Íslands

Vinnumarkaðurinn í kastljósinu

Vinnumarkaðurinn hefur verið mikið í umræðunni allt frá áramótum og má ætla að svo verði áfram á næstu mánuðum. Miðað við orðræðu verkalýðshreyfingarinnar mun undirbúningur næstu kjarasamninga hefjast fljótlega og verður athyglisvert að sjá hvernig menn ætla að haga málum og hverjar áherslurnar verða.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.